Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 26.05. 2015. Fundur haldinn í Bæjarráðssal Strandgötu frá kl. 15.00-16.00

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson, Hilmar A Sigurðsson, Reynir Þór Magnússon (fjarverandi), Jóhanna Inga Hjartardóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Kiddi (fjarverandi) og Eyþór (fjarverandi), Magnús Baldursson, Haraldur Líndal Haraldsson og Guðmundur Sverrisson.

Dagskrá

1. **Húsnæðismál Hraunvallaskóla**
   Á fundinn komu Magnús Baldursson sviðsstjóri fræðsluþjónustu, Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri fræðsluþjónustu til að veita upplýsingar um stöðu nemendaþróunar og húsnæðisþarfar grunnskóla á Völlunum næstu árin.

   Í máli þeirra kom fram að búið er að leysa húsnæðisþörf Hraunvallaskóla skólaárið 2015-16 af því gefnu að fyrirhugaðar breytingar á skólahúsnæðinu gangi eftir nú í sumar. Fram kom að ekki er búið að bjóða út verkið og því margt óljóst í þeim efnum. Ákveðið var boða sviðsstjóra framkvæmdasviðs til fundar nk. mánudag og fá frá fyrstu hendi upplýsingar um hvernig málin standa. Fundarmenn voru sammála um að það væri mjög óheppilegt hvað vinnan við breytingarnar sé komin stutt á veg og þá sérstaklega að ekki sé búið að tryggja verktaka í verkið en fundarmenn höfðu áhyggjur af því að hægt væri að fá verktaka með svona skömmum fyrirvara, fyrir utan breytur líkt og verkfall iðnaðarmanna og sumarfrí starfsmanna sem gætu sett strik í reikninginn.

   Eftir breytingar á skólahúsnæðinu í sumar er gert ráð fyrir að um 870 nemendur geti stundað nám við Hraunvallaskóla. Er þá verið að nýta lausar kennslustofur við Fléttuvelli og lausar kennslustofur á skólalóð (Glæsivellir). Hér þarf að hafa í huga að að þó hægt sé að koma fyrir 870 nemendum á heimasvæðum þá eru flöskuhálsar í list- og verkgreinastofum, matsal og íþróttasal sem miðast við 750 nemendur. Þá má ekki gleyma vinnuaðstöðu kennara og starfsmanna sem er ábótavant nú þegar auk þess sem kaffistofa starfsmanna er löngu sprungin.

   Í öllu þessu þarf að hafa í huga að í Hraunvallaskóla eru nokkrar stofnanir sem lúta ekki sömu yfirstjórn. Um er að ræða grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðina Hraunsel og Mosann (fyrir utan ISS sem sjá um þrifin). Áframhaldandi fjölgun nemenda í Hraunvallskóla gerir það að verkum að það þrengir að öllum þessum aðilum. Reynslan hefur kennt okkur að það er mjög vont að samnýta skólahúsnæði og frístundamiðstöð, þ.e. að kennslusvæði og heildagsskóli/félagsmiðstöð sé í sama rými. Slíkt ýtir undir litla árekstra sem valda pirringi og starfsóánægju hjá báðum aðilum. Það er því mikilvægt að tryggja Frístundamiðstöðinni góða starfsaðstöðu sem truflar ekki starf grunn- og leikskóla. Þá er það sérstakt áhyggjuefni stjórnenda grunnskólans hvað aðstaða fyrir unglingastarf í Mosanum verður bágborin næstu

skólaárin fari fram sem horfir hvað varðar þrengingar í húsnæðismálum. Hún er í raun á hrakhólum eftir að búið var að bæta hana til mikilla muna í vetur. Þær breytingar verða því miður að ganga til baka.

Í máli Guðmundar Sverrissonar koma fram að samkvæmt ítrustu spá um nemendafjölda þá er gert ráð fyrir allt að 1106 nemendum skólaárið 2019-20.

Skólaár	nemendafjöldi
2015-16	874
2016-17	995
2017-18	1043
2018-19	1087
2019-20	1106

Í máli bæjarstjóra og sviðsstjóra kom fram að ekki er búið að ákveða endanlega hvernig eigi að leysa skólamál á Völlunum skólárið 2016-17 eða 2017-18. Þá er ekki heldur búið að taka ákvörðun um hvenær eigi að byrja með nýjan skóla í Skarðshlíð. Þangað til þjónar Hraunvallaskóli tveimur skólahverfum. Bæjarstjóri taldi brýnt að þessi mál yrðu skoðuð vel í haust og ákvarðanir teknar um framtíðarskipan skólamála á Völlunum í kjölfarið.

Í kjölfar þessa fundar var haldinn annar fundur með sömu aðilum (MB boðaði forföll og Reynir Þór Magnússon var mættur) 1. júní 2015 þar sem Sigurður Haraldsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs mætti og fór yfir stöðuna hvað varðar framkvæmdir á skólahúsnæði. Fullvissaði hann skólaráð um að framkvæmdaráætlun myndi standa. Verklok yrðu 31. júlí.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland